

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ

1. gr.
Almennt

Gjöld fyrir sorphirðu og sorpurðun eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.
Sorphirðugjald

14.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

3. gr.
Sorpurðunargjald

21.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

4. gr.
Aukatunnur

35.000 kr. á hverja „gráa“ tunnu. „Grænar“ tunnur eru gjaldfrjálsar en ekki er miðað við fleiri en eina slíka aukatunnu við hverja íbúðareiningu.

5. gr.
Annað.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði nr. 342/2010 og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ nr. 1385/2019 úr gildi.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar við síðari umræðu þann 10. desember 2020.

Hveragerði, 10. desember 2020

Aldis Hafsteinsdóttir bæjarsjóni

